

## SKIPULAGSSKRÁ

### fyrir Legatsjóð Jóns Sigurðssonar.

#### *Úr upprunalegri skipulagsskrá:*

„Eg undirskrifaður Jón Sigurðsson, Forpaktari svonefndra Eyjafjarðar syslu umboðsjarða, búandi á Böggversstöðum í Svarfaðardal, gjöri hér með kunnugt: að eg hefi gefið og skenkt, einsog eg með þessu mínu gjafabréfi skenki og gef frá mér og mínum erfingjum eftir minn dag, til fátækra sjóðs fyrir Norður- og Austur-amt, sem eg óska að Hans konunglegu Hátign mætti allranáðugast þóknast að stofnsetja eða upprétta, einn fjórða part af mínum eftirlátinu fjármunum, hver einn fjórði partur nú hleypur upp á þann kapital 1580 rbd. r. s., segi eitt þúsund, fimmhundrað og áttatíu ríkisbankadali í reiðu silfri, sem eftirfylgjandi nákvæmari skilmálum og ákvörðunum“.

#### 1. gr.

Sjóðurinn nefnist Legatsjóður Jóns Sigurðssonar.

#### 2. gr.

Upphaflegar eignir sjóðsins töldust vera fjórðungur eigna Jóns Sigurðssonar eftir hans dag, en þó ekki lægri en 1580 rbd. r. s., sbr. inngangskafli skipulagsskrár.

#### 3. gr.

Upprunalegt stofnfé sjóðsins byggir á „áreiðanlegustu, byggilegustu og bestu jörðum“ í eigu Jóns Sigurðssonar, en að öðru leyti á lausafjármunum í eigu hans.

#### 4. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum, sýslumanninum á Norðurlandi eystra, prófastinum í Eyjafjarðar- og Þingeyjarprófastsdæmi eða fulltrúa hans og sameiginlegum fulltrúa sveitarfélaganna við Eyjafjörð sem tilnefna skal til a.m.k. 4 ára í senn. Við val fulltrúa sveitarfélaganna skal einfaldur meirihluti ráða. Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra er formaður stjórnar.

Stjórnin stýrir öllum málefnum sjóðsins og formaður stjórnar kemur fram út á við fyrir hönd hans. Stjórnin skal sjá til þess að skipulag og starfsemi sjóðsins sé jafnan í réttu og góðu horfi. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda sjóðinn og veita prókúruumboð fyrir hann.

Stjórnarfundir eru lögmætir ef meirihluti stjórnar sækir fund, enda sé fundi stýrt af formanni stjórnar. Halda skal fundargerðir um það sem gerist á stjórnarfundum.

Stjórn sjóðsins skal ráða starfsmann til að annast bókhald sjóðsins gegn sanngjarnri þóknun.

Heimili og varnarþing sjóðsins er í Eyjafirði.

#### 5. gr.

Markmið sjóðsins er að styðja velferðarmál í byggðum Eyjafjarðar. Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa styrkjum í því augnamiði, hvort heldur til einstaklinga, félagssamtaka eða lögaðila sem hafa það að markmiði að styðja þá sem höllum fæti standa eða til sambærilegra verkefna á vegum sveitarfélaganna í Eyjafirði. Styrki má bæði veita vegna bágrar fjárhagsstöðu og eins til þess að reyna að rétta hlut þeirra sem af einhverjum öðrum ástæðum eiga um sárt að binda, þ. á m. með stuðningi við afmörkuð samfélagsverkefni. Stjórn sjóðsins er skylt að setja sér starfsreglur.

#### 6. gr.

Heimilt er að selja jarðeignir sjóðsins og skal þá söluandvirði þeirra ávaxtað á sem tryggi- legastan hátt ásamt með öðrum eignum sjóðsins. Stjórn sjóðsins er heimilt að ráðstafa árlega styrkjum, sbr. 5. gr., sem þó mega aldrei verða hærri en sem nemur árlegum tekjum sjóðsins, þ. á m. vaxtatekjum og verðbótum, að viðbættum allt að 1/10 hluta (10%) höfuðstóls. Jafnframt er stjórn sjóðsins heimilt að bregðast við brýnni þörf komi slík staða upp utan árlegra styrkveitinga. Er slíkt heimilt án þess að umsókn liggja fyrir, enda standi sérstaklega á um þörf fyrir aðstoð og þess gætt að rökstuðningur komi fram í fundargerð.

## 7. gr.

Sjóðurinn ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum og öðrum þeim verðmætum er hann kann að eignast síðar.

## 8. gr.

Ársreikningar sjóðsins skulu áritaðir af tveimur skoðunarmönnum tilnefndum af stjórn. Reikningsárið er almanaksárið.

## 9. gr.

Til þess að breyta skipulagsskrá þessari, sameina sjóðinn annarri sjálfseignarstofnun eða leggja hann niður, þarf samþykki allra stjórnarmanna sjóðsins. Slíkt skal svo borið skriflega undir embætti sýslumannsins á Norðurlandi vestra. Komi til niðurlagningar sjóðsins skal hreinni eign varið í þágu þeirra markmiða sem greint er frá í 5. gr. hér að ofan eða skyldra markmiða.

## 10. gr.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Norðurlandi vestra á skipulagsskrá þessari.

Jafnframt fellur úr gildi gjafabréf Jóns Sigurðssonar, dags. 8. júlí 1830 sem staðfest er þann 14. október 1831, sbr. einnig auglýsingu um breytingu á skipulagsskrá nr. 230/2004.

*Úr upprunalegri skipulagsskrá:*

„Þetta mitt gjafabréf, sem, þar eg ekki nú á börn eður lífserfingja, og er nú á 70. aldurs ári, eftir Jónsbókar arfatökum xxv111. kapítula og N. L. 5-4-14, ekki þarf konunglegrar staðfestingar við, og þar til að fyrirkalla mig, hefi eg með eigin hendi undirskrifað og innsiglað í undirskrifaðra votta, nefnilega Hr. studiosi Christjans Christjanssonar og Hr. studiosi Halldórs Kröjers viðurvist, eins og eg líka seinna skal gangast við minni undirskript fyrir Notarius publicus, ef þess þykir við þurfa.

*Staddur á Frederiksgáfu þann 8. júlí 1830.  
Jón Sigurðsson“*

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988 með síðari breytingum.

*F.h. sýslumannsins á Norðurlandi vestra, 16. ágúst 2017,*

**Björn Hrafnkelsson.**

*Auður Steingrimsdóttir.*